

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps
vegna íbúðarbyggðar á Flúðum.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. desember 2019 breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 5. september 2019.

Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði innan þéttbýlisins á Flúðum er breytt í íbúðarbyggð á þremur stöðum, þ.e. ÍB9 Garðastígur, ÍB10 Sandskarð, ÍB11 Hrafnkelsstaðir 2, á samtals 3 ha lands.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. desember 2019.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Birna Björk Árnadóttir.